

Áveitan

8. tbl. 8. árgangur. Ágúst 2014

Samhygðar- og Vökumót

Sunnudaginn 24. ágúst fer fram Samhygðar- og Vökumót í frjálsum íþróttum á íþróttavellinum á Selfossi. Keppni hefst kl. 13:00 og verður keppt í eftirfarandi greinum.

Konur: 100 m, langstökk, þristökk, kúluvarp, kringlukast og 800 m.

Karlar: 100 m, langstökk, þristökk, kúluvarp, spjót kast og 800 m.

Nú fer fram Samhygðar- og Vökumót í annað sinn fram á íþróttavellinum á Selfossi. Mótið heppnaðist vel fyrir tveimur árum á sama stað og við vonum að það sama verði upp á teningnum núna. Kaffi og verðlaunaafhending að móti loknu.

Fólk er hvatt til að koma til keppni, starfa eða þá til að styðja mannskapinn til dáða.

Umf. Samhygð

Leikjakvöld í Einbúa

Minum á leikjakvöldin í Einbúa á miðvikudögum kl. 20 í umsjón þeirra Gunnhildar og Birgittu. Allir velkomnir í skemmtilega leiki og glens.

Umf. Baldur



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Ráðning sveitarstjóra Flóahrepps

Eydís Þ. Indriðadóttir hefur verið ráðinn sveitarstjóri Flóahrepps frá og með 1. ágúst.

Eydís hefur verið starfandi oddviti Ásahrepps undanfarin ár, setið í skipulagsnefndum, skólanefndum, verið formaður Mennta- og menningarnefndar Suðurlands og átt sæti í stjórn Samtaka Orkusveitarfélaga á Íslandi. Hún er menntaður kennari og er með M.Sc. gráðu í mennta- og menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Eydís er boðin velkomin til starfa.

Vinnuskóli Flóahrepps

Unglingar í vinnuskóla sveitarfélagsins hófu störf 10. júní s.l. undir stjórn þeirra Árna Geirs Hilmarssonar og Birnu Almarsdóttur. Þeirra vinnu lauk með óvissuferð 17. júlí s.l.

Þau hafa áorkað heilmiklu til fegrunar og snyrtingar í sveitarfélaginu þrátt fyrir mikla rigningartíð og má sem dæmi nefna að þau hafa gengið með helstu vegum sveitarfélagsins og týnt rusl, snyrt í kringum félagsheimili og margt fleira. Unglingarnir fá bestu meðmæli frá Árna og Birnu og eru þeim færðar þakkir fyrir góð og vönduð störf í sumar.

Framkvæmdir við leikskólann Krakkaborg

Samkvæmt upphaflegri áætlun og teikningum fyrir leikskólann Krakkaborg í Þingborg var gert ráð fyrir því að sett yrði litað ál á nýbyggingu leikskólans en klæðning á eldra húsi yrði óbreytt.

Sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að setja standandi bárujárnsklæðningu bæði á nýbyggingu og eldra húsnæði og fá þannig heildarsvip á allt húsnæðið.

Jafnframt hefur verið samþykkt að setja álklædda timburglugga í eldri byggingu líkt og ráðgert er í nýbyggingu.

Einnig hefur þurft að skipta um rotþró, endurnýja vatnsinntak fyrir heitt

og kalt vatn og yfirfara raflagnir.

Á móti kemur að fundnar hafa verið leiðir til lækkunar á ýmsum kostnaðarliðum, s.s. frákesti frá loftræstingu, breyting á frárennslislögnum og breyting á gluggum í innihurðum svo fátt eitt sé nefnt.

Erindi vegna skoðanakönnunar um sameiningu sveitarfélaga

Á fundi sveitarstjórnar 2. júlí s.l. var lagt fram erindi frá Árna Hrólfssyni þar sem gerð var athugasemd við niðurstöðu talningar í skoðanakönnun sem haldin var samhliða sveitarstjórnarkosningum 31. maí s.l.

Í skoðanakönnun var boðið upp á þá valmöguleika að segja já eða nei og ef sagt var já var boðið upp á fimm möguleika að krossa við. Niðurstaðan var sú að 165 sögðu já og 163 sögðu nei.

Tólf aðilar sem þátt tóku í skoðanakönnun og merktu við já, vildu sjá sameiningu við Ásahrepp eða önnur sveitarfélög sem ekki var merkt sem valkostur í könnunni.

Að mati formanns kjörstjórnar er það val sveitarstjórnar hvort þessi 12 atkvæði séu úrskurðuð gild þar sem um skoðanakönnun var að ræða.

Sveitarstjórn samþykkti að 12 atkvæði verði dæmd ógild. Niðurstaða í skoðanakönnun er því sú að 153 sögðu já, 163 sögðu nei og ógildir seðlar voru 14.

Álagningarskrá

Álagningarskrá einstaklinga árið 2014 liggur frammi á skrifstofu Flóahrepps til og með 8. ágúst næstkomandi á opnunartíma skrifstofunnar.

Frá Afréttarmálaráði Flóa og Skeiða

Nú er rétti tíminn til að fara að huga að fjallferðum haustsins. Þeir sem hyggjast fara til fjalls eru beðnir að panta leit hjá fjallkóngum, Ágústi á Brúnastöðum og Ingvari á Fjalli sem fyrst.

Þá þarf einnig að manna eftirsafn og gott væri að vita af áhugasömum smölum í það fyrr en síðar.

Stjórnin

Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum

Lið Þjótanda átti tvo keppendur á unglingamóti HSK sem fór fram á Selfossvelli þriðjudagskvöldið 22. júlí síðastliðinn. Þjótandi lenti í 4. sæti stigakeppninnar á mótinu. Hér er árangur keppendanna okkar:

Arnar Einarsson (piltar 18-19 ára)
100m hlaup 12,37sek 1. sæti

Sunna Skeggjadóttir (stúlkur 15 ára)
100m hlaup 15,64 sek 3. sæti
Langstökk 3,61m 3. sæti
Kúluvarp 8,03m 3. sæti
Spjótkest 16,52m 3. sæti

Héraðsmót í starfsíþróttum 16. ágúst

Starfsíþróttanefnd HSK stendur fyrir héraðsmóti laugardaginn 16. ágúst kl. 13:00. Keppt verður í jurtagreiningu og fuglagreiningu og fer keppnin fram í Aratungu í Biskupstungum.

Flóamenn hafa löngum verið sterkir í starfsíþróttum og eru þeir hvattir til að fá sér bíltúr í uppsveitir þennan dag og reyna sig í þessum skemmtilegu greinum.

Hvolpar

Til sölu íslenskir hvolpar undan höfðingjanum og smalanum Stefsstells Vinur og Hnúks Loppu. Hvolparnir eru fæddir 21. júní og afhendast ættbókafærðir, örmerktir og bólusettir.

Áhugasamir hafi samband við Helenu í Kolsholti 3.

Sími 8991795-4863332

Kvöldganga á Vörðufell á Skeiðum

Eftir vel heppnaða kvöldgöngu á Dalafell í Ölfusi höfum við í Umf. Vöku ákveðið að hafa aðra kvöldgöngu nú í ágúst. Í þetta sinn hefur verið ákveðið að ganga á Vörðufell á Skeiðum. Vörðufell stendur gegnt Skálholti og er 391 m að hæð. Fjallið er gert úr móbergi og grágrýti og uppi á því er lítið stöðuvatn. Til að komast að Vörðufelli má aka um Grímsnes framhjá Skálholti, eða um Skeiðaveg. Gott er að ganga á fjallið móts við bæinn Iðu, skammt frá Iðubru. Þar er hlið á girðingu og sýnilegur slóði í landslagi. Af Vörðufelli er einstakt útsýni til allra átta. Gangan verður farin miðvikudagskvöldið 13. ágúst og hittast á og sameina í bíla við Þjórsárver kl 19:00. Þeir sem vilja geta komið beint að uppgöngustaðnum við fjallið (móts við Iðu) kl 19:30. Gott er að klæða sig eftir veðri og hafa með sér smá nesti til að narta í á toppnum.

Þessi ganga er hluti af gönguverkefni HSK sem nefnist Fjölskyldan á fjallið. Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá á www.hsk.is. Allir eru hjartanlega velkomnir í gönguna og þá sérstaklega Sævar Jónsson sem var skrefi á undan okkur í göngunni á Dalafell.

Umf. Vaka

Kornbændur athugið

Flóakorn ehf. býður upp á kornslátt og völsun eins og undanfarin ár. Félagið hefur yfir að ráða öflugri þreskivél af gerðinni Sampo. Bændur eru hvattir til að panta tímanlega og vera vel undirbúnir fyrir komu þreskivélarinnar svo hin auknu afköst vélarinnar og mannskapur nýtist sem best.

Sigmar í Jaðarkoti tekur við pöntunum í síma 696-8653 og á netfangið sigmarorn@hotmail.com

Góðan dag sveitungar!

Við í Flóahreppi ætlum að vera með „Fjör í Flóa“ á Menningarnótt 23. ágúst 2014 í húsnæði Friend in Iceland á Geirsgötu 7a - 101 Reykjavík (frá ca 13:00 til 18:00)

Hugmyndin er að vera með sýnishorn af því sem við í hreppnum höfum upp á að bjóða, hvort sem það er handverk, menning, matur eða þjónusta. Stærsti hani í heimi verður meðal annars til sýnis, kærleiksskart úr sveitinni, ferðaþjónustubændur ætla að kynna sína starfsemi o.m.fl.

Þið megið gjarnan hafa samband við mig ef þið hafið áhuga á því að vera með. Allar hugmyndir eru vel þegnar og það eru allir velkomnir að taka þátt í gleðinni!

Látið endilega boðið ganga;-)

Bestu kveðjur
Íðunn Ýr Ásgeirsdóttir
verkefnastjóri ferðamála í Flóahreppi
netfang: idunn@floahreppur.is
sími: 865-1454

Vel heppnað unglíngalandsmót á Sauðárkróki

Þónokkrir krakkar úr Flóahreppi kepptu á unglíngalandsmótinu sem fram fór á Sauðárkróki um helgina. Margir náðu góðum árangri en þegar þetta er ritað hafa ekki öll úrslit verið birt. Hæst ber þó að nefna að Dagur Fannar Einarsson varð unglíngalandsmótsmeistari í 600 m hlaupi og 4x100 m boðhlaupi í flokki 12 ára, og Stefán Narfi Bjarnason varð unglíngalandsmótsmeistari í kúluvarpi 14 ára.

Hjólarallý

Mánudaginn næstkomandi (11\08\14) verður hjólarallý haldið í grifjunum við Hurðarbaksveg. Sjoppa verður á staðnum og eina sem þarf að mæta með er hjól, hjálmur og klink fyrir þá sem vilja kaupa eitthvað í sjoppunni og ekki má gleyma að taka með góða skapið! Keppnin er opin fyrir allan aldur og allir keppendur fá viðurkenningu fyrir þátttökuna. Áætlað er að láta það hefjast kl 20:00 og nánari upplýsingar eru í síma 8650731.

Kv. Sveinn Orri Einarsson, formaður skemmtinefndar Umf. Vöku

Ungmennafélagsreiðtúr Umf. Vöku

Sunnudaginn 17. ágúst verður haldið í árlegan reiðtúr Umf. Vöku. Hittast á við Þjórsárver kl. 13:00. Riðið verður með veginum upp á Önundarholtshæð og þaðan niður Súluholtsveg. Stoppað verður í Austur-Meðalholtum þar sem ábúendur taka á móti okkur. Þar verður skoðaður gamli bærinn og þær framkvæmdir sem verið hafa í gangi undanfarið. Boðið verður upp á kaffi og kakó í ferðinni en fólk þarf sjálf að hafa með sér bita til að maula með. Eftir stoppið verður sama leið riðin til baka. Allir hestfærir eru hvattir til að mæta í þessa ferð sem vonandi verður bæði fræðandi og skemmtileg.

Skemmtinefnd Umf. Vöku



Haustball Umf. Samhygðar

Haustballið verður haldið í Félagslundi laugardagskvöldið 4. október. Jón Skeiðungur spilar fyrir dansi. Nánar auglýst síðar.

Nefndin

Dagskrá mánaðarins

| | |
|----------------------------|-----------|
| Æfing við Þjórsárver | 5. ágúst |
| Leikjakvöld í Einbúa | 6. ágúst |
| Hjólalally Umf. Vöku | 11. ágúst |
| Æfing við Þjórsárver | 12. ágúst |
| Leikjakvöld í Einbúa | 13. ágúst |
| Kvöldganga á Vörðufell | 13. ágúst |
| Héraðsmót i starfsíþróttum | 16. ágúst |
| Reiðtúr Umf. Vöku | 17. ágúst |
| Æfing við Þjórsárver | 19. ágúst |
| Leikjakvöld í Einbúa | 20. ágúst |
| Samhygðar og Vökumót | 24. ágúst |

**Munið íþróttæfingarnar við Þjórsárver á
þriðjudagskvöldum kl. 18-19.**

Ungmennafélögin



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160